

Héraðsnefndarfundur 10. maí 2019

Inngangur

Vetrarstarf Tónlistarskóla Árneseinga 2018 – 2019 hefur verið mjög öflugt. Nemendur skólans hafa verið sér og skólanum til mikils sóma hvar sem þeir hafa komið fram og borið kennurum sínum gott vitni. Ef eitthvað er dregið fram um helstu viðburði má nefna nýjung í vetrarstarfinu með innleiðingu „píanó-hringekjunnar“. Fengu píanónemendur tækifæri til að æfa fjórhent og sexhent lög og uppskáru bráðskemmtilega tónleika og samveru í Hveragerðiskirkju 6. maí sl., þar sem 70 píanónemendur tóku þátt.



Nemendur skólans sem tóku þátt í Nótunni (uppskeruhátíð tónlistarskólanna) í ár uppskáru ríkulega, því bæði atriðin sem tóku þátt í lokatónleikum Nótunnar á Akureyri, 6. apríl sl. fengu verðlaun fyrir flutning sinn á tónleikunum. Þetta voru Eyrún Huld Ingvarsdóttir sem lék verk eftir Vivaldi á fiðlu við undleik Einars Bjarts Egilssonar og rytmasveitin No Sleep, sem flutti lagið Something eftir George Harrison. No Sleep skipa þeir Gylfi Þór Ósvaldsson rafgítar, Jakob Unnar Sigurðarson rafbassi, Valgarður Uni Arnarson rafgítar og Þröstur Ægir Þorsteinsson trommur. Á myndunum eru verðlaunahafarnir að afloknum tónleikum ásamt kennurum sínum þeim Guðmundi Pálssyni og Vigni Ólafssyni.

Tónleikahald

Tónleikahald var með hefðbundnu sniði í vetur. Deildatónleikar í nóvember, svæðistónleika á Degi tónlistarskólanna í febrúar, svæðis- og lokatónleika Nótunnar í Salnum í Kópavogi og Hofi á Akureyri, auk allra haust og vortónleikanna. Þá hafa nemendur að vanda verið sýnilegir úti í samfélaginu og komið fram á fjölda viðburða utan veggja skólans. Sem fyrr segir var nýjung í tónleikaflóru skólans, píanó-hringekjutónleikar sem haldnir voru í Hveragerðiskirkju.

Tónleikahald framundan

Framundan er mikill uppskerutími með útskriftartónleikum, óperusýningum og skólaslitum, eins og sjá má hér fyrir neðan.

Fyrir áhugasama er þetta einstakt tækifæri til að skyggjast inn í öfluga starfsemi skólans. *Aðgangur að tónleikunum er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.*

Framhaldsprófstónleikar

Þrír söngnemendur ljúka framhaldsprófi frá skólanum í vor með opinberum útskriftartónleikum.

Unnur Þórisdóttir – heldur tónleika í Selfosskirkju, fimmtud. 9. maí kl. 18:00.

Berglind María Ólafsdóttir - í Hveragerðiskirkju, fimmtud. 9. maí kl. 20:00.

Sædís Lind Másdóttir - í Hveragerðiskirkju, fimmtud. 16. maí kl. 20:00.

Að auki kveður Karítas Birna Eyþórsdóttir fiðlunemandi skólann með tónleikum í Básnum Ölfusi, mánud. 13. maí kl. 20:00.

Allskynsóperan

Fjöldi hljómsveita, samspilshópa og söngvara leiða saman hesta sína í ævintýraóperu Tónlistarskóla Árnesinga, sem hlotið hefur nafnið Allskynsóperan. Í óperunni koma við sögu persónur úr ýmsum ævintýrum og þjóðsögum.

Haldnar verða þrjár sýningar í Menningarsal Arhostel (Hólmaröst) á Stokkseyri.

10. maí kl. 19:00 og

11. maí kl. 14:00 og 17:00.

Vortónleikar bláasaraveita

Eldri bláasaraveitir Tónlistarskóla Árnesinga á Selfossi og í Þorlákshöfn hafa unnið mikið saman í vetur og æft sameiginlega tónleikadagskrá. Bláasaraveitirnar halda vortónleika sína í Sunnulækjarskóla, 13. maí kl. 18:00. Gestir á tónleikunum verður yngri bláasaraveit á Selfossi.

Skólaslit vorið 2019

Skólaslit Tónlistarskóla Árnesinga eru alltaf hátíðlegir viðburðir. Yfirbragð þeirra er misjafnt eftir kennslustöðum og helgast það af því hve stórir kennslustaðirnar eru.

föstud. 17. maí

16:00 **Flúðir** – Félagsheimili Hrunamanna

18:00 **Þorlákshöfn** – Ráðhúsinu

mánud. 20. maí

16:00 **Hveragerði** – Hveragerðiskirkju

18:00 **Selfoss** – Sunnulækjarskóla

þriðjud. 21. maí

16:00 **Stokkseyri/Eyrarbakki** – Grunnskólanum Stokkseyri

18:00 **Laugarvatn** – Grunnskólanum

miðvikud. 22. maí

10:00 **Kerhólsskóli**

16:00 **Þjórsárskóli** – Félagsheimilinu Árnesi

fimmud. 23. maí

16:00 **Flóaskóli** – Félagsheimilinu Þjórsárveri

18:00 **Reykholt** – Félagsheimilinu Aratungu

Húsnæði

Kennsla á Eyrarbakka flyst úr Stað í Barnaskólann

Tónlistarskóli Árneseinga hefur á undanförunum árum verið að færa alla tónlistarkennslu úr félagsheimilum víðs vegar í Árnessýslu, inn í grunnskólana.

Vegna þessa sagði Tónlistarskólinn upp húsaleigu í Félagsheimilinu Stað Eyrarbakka, við Kvenfélag Eyrarbakka, frá og með 1. júní 2019. Við þökkum kvenfélagskonum á Eyrarbakka innilega fyrir öll árin á Stað. Kennsla á Eyrarbakka færist þar með yfir í Barnaskólann á Eyrarbakka.

Starfsmannamál

Kennarahópurinn er mjög þéttur og góður og lítil hreyfing. Þeir kennarar sem voru í ársleyfi, þau Miklós Dalmay og Edit Anna Molnár, snúa núna aftur til starfa í haust. Við þökkum afleysingakennurum vetrarins innilega vel unnin störf, en það voru þau Suncana Slamnig, Dagur Bergsson og Eyjólfur Eyjólfsson.

Þrír kennarar láta af störfum í vor af ýmsum ástæðum. Það eru Loftur Erlingsson söng- og píanókennari, Zoltán Szklenár málmblásturskennari og Kolbrún Berglind Grétarsdóttir píanókennari. Auglýst hefur verið eftir kennurum í þeirra stað.

Rekstur skólans - Kjarasamningar

Rekstur skólans er í góðu jafnvægi og stóðst áætlun um kennslukostnað sveitarfélaga og skólagjöld fyrir árið 2018.

Kjarasamningar tónlistarskólakennara við samninganefnd sveitarfélaga runnu út 31. mars sl. Það er von okkar að samið verði sem allra fyrst. Um leið og kjarasamningur verður undirritaður þarf að endurskoða fjárhagsáætlun Tónlistarskólans fyrir árið 2019.

Helga Sighvatsdóttir
skólastjóri